Náttúrustofa Austurlands

Ársskýrsla 2016

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Ritstjóri: Áslaug Lárusdóttir

Texti: Áslaug Lárusdóttir, Elín Guðmundsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmyndir: Áslaug Lárusdóttir, Elín Guðmundsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Halldór W. Stefánsson, Kristín Ágústsdóttir, Páll H. Benediktsson, og Skarphéðinn G. Þórisson

Ljósmynd á forsíðu: Tröllastakkur *(Pedicularis flammea)* á Fljótsdalsheiði. SGÞ
Ljósmynd innan á kápu: Horft úr brokflóa austan Eyvindarfjalla inn til Snæfells. SGÞ
Prentun: Hjá Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja
Maí 2017

EFNISYFIRLIT

4 Formáli

5 Um Stofuna

6 Starfsfólk

7 Stiklur úr starfsemi

18 Fjármál

19 Útgáfa og kynning

Kræklingasöfnun í lóninu á Dalatanga. Mynd: EEJ

Formáli

Starfssemi Náttúrustofunnar var fjölbreytt á árinu 2016. Sem fyrr voru verkefni tengd hreindýrarannsóknum og vöktun gróðurs fyrirferða mestu verkefnin. Hreindýr voru talin á burðartíma, að sumri og á fengitíma. Gróður var rannsakaður í Reyðarfirði og á Fljótsdalsheiði og rannsóknir á gæsum, hávellum, skúmum og öndum fóru fram. Smærri viðfangsefni, sem eru hluti af reglubundinni starfssemi, voru t.d. náttúrufræðiskóli, fiðrildavöktun, mófuglavöktun, fuglaskoðun, blómaskoðun og viðhald fræðsluskilta í fólkvöngum og friðlandi Fjarðabyggðar. Önnur verkefni voru m.a. úttekt á seiðum, fuglum og botndýrum í Hellisfirði og rannsóknir á sýrustigi í frárennslisvatni í Norðfjarðargöngum. Þá stóð Stofan fyrir aðventustund í Náttúrugripasafninu þar sem hægt var að taka þátt í spurningakeppni með snjalltækjum.

Starfssemi Náttúrustofunnar var m.a. kynnt málþingi SSA: *um Framlag til þekkingarsamfélags á Austurlandi* sem haldið var í Neskaupstað í mars, á Byggðaráðstefnu Byggðastofnunar á Breiðdalsvík í september og á ársfundi Umhverfisstofunnar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa í Hvalfjarðarsveit í nóvember. Stofan tók þátt í hinum árlega og skemmtilega Tæknidegi fjölskyldunnar í Neskaupstað ásamt sambýlingum í Verkmenntaskóla Austurlands. Starfsmenn fluttu nokkur erindi á árinu og fóru í ferð til Noregs, til að kynna sér langtímarannsóknir á vetrarbeitarsvæðum villtra hreindýra á Harðangursheiði.

Fjöldi fastráðinna starfsmanna var sá sami í ár og í fyrra eða 8 í um 7 stöðugildum. Dagný Ásta Rúnarsdóttir líffræðingur var ráðinn sumarstarfsmaður. Þá fór einn starfsmaður í fæðingarorlof í lok ársins. Auk fastráðinna starfsmanna aðstoðuðu fjölmargir einstaklingar Náttúrustofuna, einkum við vöktun hreindýra. Eru öllum færðar þakkir fyrir.

Ég vona að þessi árskýrsla, sem greinir frá helstu verkefnum ársins, gefi mynd af þeim mannauði sem býr í Náttúrustofu Austurlands og þeirri þekkingu sem þar er sköpuð í formi vísindalegra og hagnýtra rannsókna, fræðslu og miðlunar.

Ég vil nota tækifærið og þakka starfsfólki og samstarfsaðilum árangursríkt og ánægjulegt samstarf.

Í mars 2017
Kristín Ágústsdóttir
forstöðumaður

Hádegismatur við Þrælaháls á Fljótsdalsheiði í júlí sl. Mynd: KÁ

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótsdalshérað aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð er á Egilsstöðum.

Náttúrustofan vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúrufar og veitir margþætta þjónustu á því sviði. Markmið Stofunnar er að efla þekkingu á náttúru Austurlands og skapa eftirsóknarverð störf á sviði náttúrufræða á Austurlandi

Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, auk þess sem hún er nefnd í fleiri lögum.

Hlutverk Náttúrustofunnar er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Stofan er aðili að fræðasetrinu Búlandi í Neskaupstað og er með skrifstofur á Vonarlandi á Egilsstöðum. Markmið samstarfsins og sambýlis við fleiri stofnanir og fyrirtæki er að skapa fjölbreytta rannsókna- og fræðslumiðstöð, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa (SNS) sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi stofanna.

Flóastelkur á varptíma við Höfðavatn á Völlum. Mynd: SGÞ.

STARFSFÓLK

Stjórn

Í stjórn Náttúrustofu Austurlands sitja þau *Valdimar O. Hermannsson*, formaður og fulltrúi Fjarðabyggðar, *Esther Kjartansdóttir*, ritari og fulltrúi Fljótsdalshéraðs og *Líneik Anna Sævarsdóttir* meðstjórnandi og sameiginlegur fulltrúi sveitarfélaganna.

Starfsfólk

Á árinu störfuðu níu starfsmenn hjá Náttúrustofunni:

Áslaug Lárusdóttir, skrifstofustjóri, sinnti almennum skrifstofustörfum, hafði umsjón með útgáfu og ritstjórn árs-skýrslu, heimasíðu, bókasafni, tölvumálum og gagnavörslu. Að auki kom hún að öðrum verk-efnum.

Halldór Walter Stefánsson, sérfræðingur, hafði umsjón með vöktun og rannsóknum á fuglum. Hann tók einnig þátt í hreindýra rannsóknum.

Elín Guðmundsdóttir, B.S náttúrufræðingur, sinnti kortagerð og gróðurrannsóknum á Fljótsdalsheiði og umhverfisvöktun við álverið í Reyðarfirði auk annarra tilfallandi verkefna.

Kristín Ágústsdóttir, M.S. landfræðingur, annaðist daglegan rekstur og tók þátt í ýmsum verkefnum Stofunnar.

Erlín Emma Jóhannsdóttir, M.S. líffræðingur, hafði umsjón með smádýrarannsóknum og umhverfisvöktun við álverið í Reyðarfirði.

Rán Þórarinsdóttir, M.S. líffræðingur, stýrði rannsóknum á burðarsvæðum Snæfellshjarðar og sinnti vöktun hreindýrastofnsins í samvinnu við Skarphéðinn. Þá aðstoðaði hún við ýmis önnur verkefni.

Guðrún Óskarsdóttir, M.S. náttúrufræðingur, hafði umsjón með gróðurvöktun á Snæfellsöræfum og tók einnig þátt í umhverfisvöktun við álverið í Reyðarfirði og öðru tilfallandi.



Skarphéðinn G. Þórisson, B.S. líffræðingur, hafði yfirumsjón með vöktun og rannsóknum á hreindýrum. Samhliða því kom hann að fugla- og gróðurrannsóknum.

Margir aðrir komu að starfsemi Stofunnar. Dagný Ásta Rúnarsdóttir líffræðinemi sumarstarfsmaður aðstoðaði við vettvangsvinnu og ýmsa gagnagreiningu og úrvinnslu. Páll Benediktsson kom að fiðrildarannsóknum og Sveinn H. Oddsson aðstoðaði við tölvumál.

Margir aðstoða við gróðurrannsóknir og vöktun hreindýra og eru þeir helstir: Eiríkur Skjaldarson, Grétar Karlsson, Halldór Bergsson, Hákon Hansson, Jóhann G. Gunnarsson, Jón I. Sigurbjörnsson, Leifur Þorkelsson, Ólafur Örn Pétursson, Páll Leifsson, Reimar Ásgeirsson, Sigurður Guðjónsson, Skúli H. Benediktsson, Skúli Sveinsson, Sveinn Ingimarsson, Sævar Guðjónsson, Tómas Kárason.

Vöktun hreindýrastofnsins

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðiþol, ástand stofnsins og ágang hreindýra. Helstu þættir sem fylgst er með eru dreifing, aldurs og kynja-hlutföll, frjósemi, nýliðun, dánartíðni og líkamlegt ástand dýranna. Gagnasöfnun er að stórum hluta unnin í samvinnu við áhugamenn um hreindýr. Þessi grunnvöktun er sígild og samfelld og breytist lítið milli ára.

Mat á ágangi hreindýra

Árlega metur Náttúrustofa Austurlands ágang hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi og gerir tillögu til Hreindýraráðs og Umhverfis-stofnunnar um skiptingu í ágangssvæði. Mat á ágangi er eitt af því sem lagt er til grundvallar ákvörðunar um arðsskiptingu. Ágangsmatið byggir á upplýsingum um hagagöngu hreindýra sem safnað er allan ársins hring. Í ár voru lagðar til nokkrar breytingar á ágangssvæðum. Sem taka gildi á árinu 2017. Þannig var lagt til að jarðir við sunnanverðan Mjóafjörð austan Fjarðar yrðu hluti af ágangssvæði 13 í stað 12. Ennfremur að ágangssvæði 14 yrði stækkað til austurs og næði út að landamerkjum Kolfreyjustaðar. Mörk veiðisvæða 4 og 5 og 5 og 6 breyttust í samræmi við það. Þá var lagt til að ágangssvæðis 15 væri stækkað þannig að það innifæli Stöðvar- og Fáskrúðsfjörð auk Breiðdals. Samfara þessum breytingum var lagt til að jarðirnar Þverhamar og Snæhvammur í Breiðdal, Hvalnes og Óseyri í Stöðvarfirði og Sævarendi í Fáskrúðsfirði bættust við í arðsgrunninn. Heima-menn og aðrir áhugasamir eru hvattir til að tilkynna um hreindýrahópa og er þátttaka þeirra undirstaðan í þessum vöktunarlið.

Rannsókn á hagagöngu hreindýra með hjálp GPS senditækja

Engin hreindýr voru með GPS senditæki á liðnu starfsári en stefnt er að því að hengja senditæki á allt að sex kýr á komandi ári. Markmið með senditækjarannsóknum er að auka skilning okkar á hagagöngu hreindýra, afmörkun einstakra hjarða og samskiptum á milli þeirra.

Leitað af hreindýrum við Stolsvatnet í Noregi. Mynd: KÁ

Hreindýrarannsóknir í Noregi

Þrír starfsmenn Náttúrustofu Austurlands fóru til Noregs um miðjan ágústmánuð til að kynna sér vinnuaðferðir og skipulag við langtíma-rannsóknir á vetrarbeitarsvæðum villtra hrein-dýra á Harðangursheiði. Rannsóknin, sem snýr að samspili hreindýra og flétta, er unnin af starfsmönnum NINA (Norsk institutt for naturforskning), þeim Olav Strand og Erling Solberg. Þá fékk starfsfólk Náttúrustofunnar að kynnast störfum á samráðsvettvangi, sem samanstóð af hreindýrarannsakendum, þeim sem nýta hreindýrin og framkvæmdaraðilum á hreindýrasvæðum og hvernig slíkt samráð hefur jákvæð áhrif á ákvarðanatöku vegna fram-kvæmda þar sem mikil áhersla er lögð á að lág-marka neikvæð áhrif á hreindýr. Vinnu-dagarnir voru langir en ferðin var afar lærdómsrík.

Starfsfólk NINA og NA að mæla upp rannsóknar-reit á Harðangursheiði. Mynd: KÁ

Hreintarfur við Snjóholt í Eiðaþinghá í júní.
Mynd: SGÞ

Kortlagning burðarsvæða hreindýra

Náttúrustofa Austurlands hefur unnið að kortlagningu burðarsvæða Snæfellshjarðar fyrir Landsvirkjun frá árinu 2005. Markmiðið með kortlagningu burðarsvæða er að kanna hvort Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdir henni tengdar hafi áhrif á burðarsvæði eða framvindu burðar. Eins og undanfarin ár var leitað að hreinkúm á Snæfellsöræfum, Fljótsdalsheiði, sunnanverðri Jökuldalsheiði og láglendinu umhverfis þessar heiðar. Til viðbótar við rannsóknarsvæði síðustu ára var nú einnig skoðuð norðanverð Jökuldalsheiði sem og Vopnafjarðarheiðar.

Hreindýraveiðikvóti

Náttúrustofa Austurlands vinnur ár hvert tillögu að veiðikvóta byggt á upplýsingum úr vöktun hreindýrastofnsins. Kvótanum er skipt eftir aldri, kyni og veiðisvæðum og tillögur lagðar fyrir Hreindýraráð og Umhverfisstofnun. Tillaga Náttúrustofunnar miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að viðhalda sambærilegu kynjahlutfalli og fyrirfinnst í stofnum sem ekki er veitt úr, eða um 6 tarfar á hverjar 10 kýr að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið álagi á land. Að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar ákveður umhverfisráðherra kvóta fyrir næsta veiðitímabil. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 1315 dýr árið 2017.



Nýborin hreinkýr við Syðri Fjörð í Lóni.
Mynd: SGÞ

Úr hreindýratalningu, hópur í Víðárbotnum í Vopnafirði. Mynd: SGÞ

Vöktun mófugla

Mófuglar hafa verið taldir á skilgreindum rannsóknarsvæðum víða um Úthérað frá árinu 2007. Sumarið 2016 fór mófuglatalning fram í júní. Vinna við úrvinnslu gagna frá árinu 2007-2016 hófst á árinu.

Grágæsamerkingar við Blönduós.
Mynd: HWS

Grágæsarannsóknir með senditækjum

Sumarið 2016 tók Náttúrustofa Austurlands þátt í verkefni sem miðar að því að kortleggja ferðir grágæsa næstu tvö árin með GPS staðsetningartækni. Sjö grágæsir voru handsamaðar í þessum tilgangi dagana 18.-22. júlí á nokkrum stöðum á Norður- og Austurlandi og GSM sendar settir um háls þeirra. Að auki voru fleiri gæsir merktar með lituðum plast- og stálmerkjum þannig að rekja megi ferðir þeirra. Samtals voru merktar 149 gæsir á Blönduósi, við Vatnshlíðarvatn, á Dalvík, Egilsstöðum, Bóndastaðablá á Úthéraði og Norðfirði. Verkefnið er samvinnuverkefni Verkís, The Wildfowl & Wetland Trust í Bretlandi og Náttúrustofunnar og voru merkingar unnar með liðstyrk sumarvinnufólks Landsvirkjunar í Blöndustöð og Fljótsdalsstöð, vinnuskólans á Dalvík, starfsmanna Isavia á Egilsstaðaflugvelli og fleiri áhugasamra. Hægt er að fylgjast með ferðum gæsanna á vefsíðu Verkís.

Aldursgreining geldra heiðagæsa í felli á Eyjabökkum Mynd: HWS

Mæðgur nýkomnar inn á Vesturöræfi í byrjun maí. Mynd: SGÞ

Vöktun fugla á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar

Náttúrustofan hefur um árabil vaktað valdar fuglategundir á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Sumarið 2016 var gerð úttekt á varpi heiðagæsa í Laugarvalla- og Sauðárdal, í Hafrahvömmum og á Vesturöræfum en sökum tíðarfars dróst varpið óvenju mikið á langinn þetta árið. Ófleygar heiðagæsir voru taldar á hluta Snæfellsöræfa og aldurshlutfall heiðagæsa í sárum á Eyjabakkasvæðinu kannað. Þá var áfram fylgst með þróun í fjölda nokkurra andategunda á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði, auk þess sem allar tegundir vatna- og sundfugla voru skráðar á Jökulsá á Dal.

Grágæsamerkingar Heimir Gylfason og Arnór Þórir Sigfússon með gæsina Sjókarlinn
Mynd: HWS

Flórgoði á hreiðri. Mynd: SGÞ

Vetrarfuglatalning, rjúpur og flórgoðar

Árlega taka starfsmenn Náttúrustofunnar þátt í reglubundinni vöktun annarra stofnana á fuglum. Vetrarfuglatalning er skipulögð af Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) til að meta fjölda og dreifingu fugla að vetrarlagi á Íslandi. Þessar talningar hafa verið stundaðar frá árinu 1952. Líkt og fyrri ár töldu starfsmenn Stofunnar á starfssvæðinu, annarsvegar á Hrafnabjörgum og hinsvegar á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði. Úrvinnsla er öll á höndum NÍ og er hægt að sjá niðurstöður og breytingar milli ára á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands sér líka um vöktun rjúpnastofnsins en starfsmenn Náttúrustofu Austurlands hafa í mörg ár lagt sitt að mörkum í þeirri vöktun með talningum. Rjúpur voru taldar á Rangá og við Hrafnabjörg á Héraði í maí 2016. Auk þess aðstoðuðu starfsmenn Stofunnar kollega sína frá NÍ við talningar á sniðum við vegi á Úthéraði í maí þegar karrarnir eru hvað mest áberandi.

Fuglaskoðarar á Reyðarfirði. Mynd: HWS

Náttúrustofa Norðausturlands sinnir vöktun á flórgoða og hefur Náttúrustofa Austurlands aðstoðað við þá vöktun með reglubundnum heimsóknum á þekkta varpstaði flórgoðans á Héraði. Vorið 2016 var upplýsingum um varp-dreifingu og ábúð flórgoða safnað auk þess sem litið var eftir mögulegum nýjum varpstöðum.

Fuglaskoðarar í Neskaupstað Mynd:ÁL

Fuglaskoðun í fjarðabotnum

Árlegur fugladagur Ferðafélags Fjarðamanna og Náttúrustofu Austurlands var haldinn þann 7. maí. Þá var fuglaáhugamönnum á öllum aldri boðið að skoða fuglalíf undir handleiðslu fuglafræðinga Náttúrustofunnar á leirum í Norðfirði og Reyðarfirði. Á Norðfirði mættu 11 gestir og sáust 17 tegundir fugla, það eru nokkuð færri tegundir en undanfarin ár. Veður gat verið betra, norðaustan kaldi, vegna vind-gnauðs þyrptust fuglaskoðarar í hnapp skjól-megin við sandbing innan og ofan við ósinn. Á Reyðarfirði mættu 7 gestir en þrátt fyrir kuldatíð sáust 30 tegundir sem er nokkuð færri en í fyrra en svipað og árin þar á undan. Tegundirnar eru hefðbundnar fyrir svæðið og hafa sést áður að undanskilinni einni, stormmáfi. Heiðagæsahópar í oddaflugi í mikilli hæð flugu inn Reyðarfjörðinn á meðan fuglaskoðun stóð sem greinilega voru að koma til landsins af hafi.

Alan W. Davison lést á árinu. Mynd: KÁ

Umhverfisvöktun í Reyðarfirði

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan sinnt ytri umhverfisvöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Markmið verkefnisins er að fylgjast með ytri áhrifum álversins á gróður, vatn og loftgæði. Verkefnið er unnið í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem sér um efnagreiningar á gróður- og vatnssýnum sem og vöktun loftgæða. Árið 2016 var vöktunin með hefðbundnu sniði. Gróður- og vatnssýnum var safnað reglulega til efnagreininga. Þá var ástand gróðurs metið sjónrænt og fylgst með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu. Jafnframt var fylgst með heilbrigði búfjár sem gengur í Reyðarfirði. Frá upphafi hefur Náttúrustofan unnið verkið í góðri samvinnu við Alan W. Davison, prófessor við Newcastle háskóla á Englandi en hann lést um mitt ár. Harmar starfsfólk Náttúrustofunnar mjög fráfall þessa einstaka samstarfsmanns og vinar.

Vorperla staðfest í nýjum reit

Í vetrarbyrjun fannst lítil planta í blóma í um 200 m h.y.s á Norður-Héraði, sem telst fremur sérstakt Líklegt er að það stafi af óvenju mildu tíðarfari síðari hluta ársins. Á þessu svæði er ekki algengt að sjá plöntur í blóma svo seint á árinu. Við nánari skoðun kom í ljós að um var að ræða plöntuna vorperlu (*Draba verna*) en nafn hennar vísar til þess að hún blómstri á vorin og því kom þessi fundur enn meira á óvart. Vorperla hefur takmarkaða útbreiðslu á Íslandi og var hún með þessum fundi staðfest í nýjum reit.

Fuglaskilti

Náttúrustofan vann texta og sá um hönnun fræðsluskilta um fuglalíf við Ægistjörn og Andapollinn á Reyðarfirði. Fræðslan byggir m.a. á gögnum sem safnað hefur verið í fuglaskoðun Ferðafélags Fjarðamanna og Náttúrustofunnar sl. áratug. Skiltin eru unnin fyrir Fjarðabyggð og er gert ráð fyrir að þau verði sett upp á árinu 2017.

Gróðurvöktun á Snæfellsöræfum

Á árunum 2006 til 2008 var lagður grunnur að vöktun gróðurs á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði fyrir Landsvirkjun. Markmið vöktunarinnar er að kanna hvort greina megi breytingar á gróðurfari í kjölfar myndunar Hálslóns og breytinga á hagagöngu hreindýra síðastliðin ár. Sumarið 2016 var farið gróðurreiti á Fljótsdalsheiði og ástand gróðurs í rannsóknarreitum metið með sama hætti og árið 2008. Háplöntutegundir voru skráðar, þekja þeirra og annarra plöntuhópa var metin og beitarummerki skráð. Einnig var gróðurhæð og jarðvegsdýpt mæld og merkingar allra gróðurreita svæðisins yfirfarnar.

Vorperla (*Draba verna*). Mynd: HWS

Svangur gestur í heimsókn í Fjallaskarði. Mynd: SGÞ

Vöktun fiðrilda

Frá árinu 2010 hefur Náttúrustofan vaktað fiðrildi á þremur stöðum á Austurlandi í Neskaupstað, Jökuldal og á Hallormsstað. Vöktun fiðrilda árið 2016 var með sama sniði og fyrri ár. Fiðrildi voru veidd frá apríl til nóvember í sérstakar ljósgildrur sem eru tæmdar vikulega. Markmiðið er að nota fiðrildi sem vísihóp til vöktunar á umhverfi. Verkefnið er unnið í nánu samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðrar náttúrustofur, Skógrækt ríkisins og Pál Benediktsson bónda á Hákonarstöðum í Jökuldal. Kennarar Nesskóla í Neskaupstað hafa nýtt sér nálægð gildrunnar við skólann og farið ásamt starfsfólki Náttúrustofunnar með skóla-hópa að tæma gildruna og fræðast um fiðrildi í leiðinni.

Ryðslæða veiddist í fyrsta skipti í ljósgildruna í Neskaupstað á starfsárinu. Mynd: PHB

Fræðsla

Náttúrustofan fær reglulega beiðnir um að halda fræðsluerindi við ýmis tækifæri. Erindin geta verið hluti af lengri fyrirlestraröðum eða námskeiðum en einnig eru oft fluttir stakir fyrirlestrar. Slíkar kynningar geta verið fyrir leikskóla, skóla eða hópa áhugasamra aðila. Á árinu voru flutt nokkur slík erindi. Þá komu nemar úr 10. bekk Nesskóla í starfs-kynningu, líkt og fyrri ár. Þeir sinntu m.a. verk-efni sem snýr að vöktun á trjávexti í Neskaup-stað með mælingum og skráningum Auk þess kynnast þeir annarri starfssemi Stofunnar.

Stúlknahópur með leiðbeinanda sínum á náttúrufræðinámskeið í Neskaupstað sumarið 2016. Mynd: EG

Náttúrufræðinámskeið

Í sumar stóð Náttúrustofan fyrir þremur viku-löngum náttúrufræðinámskeiðum; tveimur í Neskaupstað og einu á Eskifirði í samstarfi við Ferðaþjónustuna á Mjóeyri. Var þetta í fyrsta sinn í mörg ár sem námskeiðið er haldið í Neskaupstað, en það hefur verið haldið lengi í tengslum við gönguvikuna *Á fætur í Fjarðabyggð* á Eskifirði. Námskeiðin voru fyrir börn á aldrinum 8-10 ára og var markmið þeirra að börnin kynnist fjölbreyttu lífríki íslenskrar náttúru. Ólík vistkerfi voru heimsótt og lífverur skoðaðar og greindar til tegunda. Í ár voru námskeiðin styrkt af Menningar- og styrktarsjóði Samvinnufélags útgerðarmanna í Neskaupstað og samfélagssjóði Alcoa Fjarðaáls og því voru námskeiðin frí fyrir þátttakendur. Metþátttaka var á þessum námskeiðum, en yfir 30 krakkar tóku þátt.

Friðlýst svæði

Náttúrustofan hefur um árabil gert tillögur að vori um nauðsynlegar úrbætur í Fólkvangi Neskaupstaðar og Fólkvangi og friðlandi í Hólmanesi fyrir Fjarðabyggð. Þá gerði Stofan á sínum tíma fræðsluskilti við göngustíga friðlýstu svæðanna þar sem fræðast má um sögu, náttúru og lífríki. Á árinu voru þessi fræðsluskilti endurnýjuð. Skiltin eru nú bæði á ensku og íslensku og koma því til með að nýtast fleiri gestum. Nýju skiltin eru úr áli og endast því betur en plöstuðu skiltin sem voru fyrir.

Söfnun á krækling í Mjóafirði

Náttúrustofan safnaði kræklingum á tveimur stöðum í Mjóafirði, í botni fjarðarins og á Dalatanga fyrir Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum. Verkið er hluti af mengunarvöktun á lífríki sjávar við Ísland sem hefur verið framkvæmt síðan 1989. Markmið vöktunarinnar er að uppfylla skuldbindingar Íslands vegna verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR). Sýnin voru send til Matís þar sem ólífræn snefilefni og þrávirk lífræn mengunarefni eru mæld í þeim.

Maríuvöttur. Mynd: SGÞ

Dagur hinna villtu blóma

Áhugahópurinn Flóruvinir hefur haft umsjón með Degi hinna villtu blóma, en það er samnorrænn dagur sem haldinn hefur verið árlega á öllum Norðurlöndunum frá árinu 2004. Þar gefst almenningi kostur á að fara í gönguferð um nágrenni sitt með leiðsögumanni sem fræðir áhugasama um gróður á svæðinu. Náttúrustofan hefur um árabil aðstoðað Flóruvini við skipulagningu blómadagsins á starfssvæði Stofunnar. Í ár bar blómadaginn upp á sunnudaginn 19. júní og var farið í skipulagða gönguferð í Neskaupstað, um Hjallaskóg og umhverfis nýju snjóflóðavarnargarðana. Þar er m.a. að finna áhugavert vistkerfi ýmissa frumframvindutegunda eins og t.d. skriðsóleyjar, krossfífils og hlaðkollu.

Rafveiðar í Hellisfjarðará. Mynd: GÓ

Efnistaka úr sjó

Vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr sjó í Hellisfirði rannsakaði Náttúrustofan grunnástand botndýralífs, gerði athuganir á fuglum og þéttleika seiða í Hellisfjarðará. Botnsýni í Hellisfirði voru tekin árið 2015 en úrvinnsla sýna fór fram árið 2016. Rannsóknir á fuglalífi og þéttleika seiða í Hellisfjarðará var könnuð árið 2016.

Rafallinn borinn í reifum að rafveiðistað. Mynd: EEJ

Mælingar á sýrustigi og leiðni í Norðfjarðargöngum

Náttúrustofan tók að sér árið 2016 að kanna áhrif ásprautunar steypu í Norðfjarðargöngum á sýrustig og leiðni afrennslisvatns í göngunum. Mælt var á sjö stöðum Eskifjarðarmegin þar sem framkvæmdir stóðu yfir og á tveimur stöðum Norðfjarðarmegin þar sem ásprautun var lokið. Ein mæling var gerð þegar ásprautun hafði legið niðri í nokkurn tíma vegna jólaleyfis og var hugsuð sem viðmiðunarmæling. Á meðan framkvæmdir við ásprautun Eskifjarðarmegin stóðu yfir var mælt tvisvar bæði ofan og neðan svæðisins. Auk þess var ein mæling gerð eftir að ásprautun lauk.

Sýrustig og leiðni mæld í afrennslisvatni Norðfjarðargangna. Mynd: KÁ

Samvinna við Breiðdalssetur

Breiðdalssetur stóð fyrir jarðfræðisýningum á árinu og unnið var að bók um jarðfræði Austurlands sem mun líta dagsins ljós í sumarbyrjun 2017. Náttúrustofan lagði til myndir bæði í bók og á sýningu.

Merking á gróðurreit, hælar reknir niður í votlendi. Mynd: EG

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Náttúrustofan sér um viðhald safngripa og móttöku gesta utan hefðbundins opnunartíma á Náttúrugripasafninu fyrir Fjarðabyggð. Þar má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarins Unnar Sveinsdóttur. Safnahúsið var opið daglega frá 13:00-21:00 yfir sumarmánuðina frá júní til ágúst og eftir samkomulagi á öðrum árstímum. Fáir safngripir bættust við sýninguna í ár en í sumar voru uppfærðar eldri merkingar á safngripum.

Endurmenntun starfsmanna

Starfsmenn Náttúrustofunnar eru duglegir að sækja sér aukna þekkingu og menntun. Árið 2016 sóttu starfsmenn í sameiningu tvö námskeið, annars vegar námskeið um verkefnastjórnun sem haldið var í Neskaupstað í febrúar og hins vegar námskeiðið *Vinnugleði - Mín vinna - Mín líðan*, sem haldið var á vegum Samtaka Náttúrustofa í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar Íslands í Garðabæ í apríl. Einn starfsmaður bætti við sig meistaragráðu og tveir eru í meistaranámi.

Gullsteinbrjótur. Mynd: SGÞ

Sandkassinn vekur áhuga Mynd: ÁL

Tæknidagur fjölskyldunnar

Náttúrustofan tók í fjórða sinn þátt í Tæknidegi fjölskyldunnar sem haldinn var í húsnæði Búlandsins, Verkmenntaskóla Austurlands og í íþróttahúsinu í Neskaupstað, þann 13. október 2016. Deginum er ætlað að vekja athygli almennings á tækni og vísindum. Fjölmörg fyrirtæki og stofnanir tóku þátt. Vegna fjölda áskorana var landslagskassinn, samstarfsverkefni Advania, Trackwell, Náttúrustofunnar og Verkmenntaskóla Austurlands sýndur aftur, en hann vakti mikla lukku þegar hann var fyrst sýndur á Tæknideginum árið 2015. Auk þess að leika sér í sandkassanum var gestum og gangandi boðið að skoða húsakynni Náttúrustofunar og kynnast starfsemi hennar. Meðal annars var hægt að prófa málmleitartæki, spreyta sig á að aldursgreina hreindýratennur, skoða smádýr í smásjá og víðsjá og virða fyrir sér netveiðibyssu og GPS-senditæki sem hreindýr hafa gengið með. Dagurinn lukkaðist afar vel og um 1000 manns rituðu nöfn sín í gestabók á svæðinu og er það mikil fjölgun frá síðasta Tæknidegi.

Aðventustund í Safnahúsinu í Neskaupstað

Náttúrustofan stóð fyrir aðventustund fjölskyldunnar í Safnahúsinu kvöldið 15. desember þar sem gestum var boðið að heimsækja Náttúrugripasafnið og taka þátt í spurningaleik sem reyndi á kunnáttu þátttakenda á fuglum Íslands. Ríflega 60 manns mættu á aðventustundina og sigurvegarar í spurningaleiknum voru Haraldur Einar Hjálmarsson, Einar Leó Erlendsson, Lilja Guðný Jóhannesdóttir og Ýmir Eysteinsson sem hlutu að launum vegleg verðlaun með fuglaþema. Auk spurningaleiksins skemmtu Félag harmonikkuunnenda á Norðfirði, Nemendur úr listaakademíu VA og sönghópurinn Fönn á samkomunni. Kvöldið þótti vel heppnað og vonast Náttúrustofan til þess að leikurinn verði endurtekinn á næsta ári. Verkefnið var styrkt af Samvinnufélagi Útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN) og fær félagið, ásamt öllum sem komu fram, bestu þakkir fyrir að aðstoða við að gera kvöldið að raunveruleika.

Bókasafnið flutt

Náttúrustofa Austurlands hefur síðastliðinn áratug verið með bókasafn sitt skráð sem safndeild í Rannsóknabókasafni Þekkingarnets Austurlands og síðar Austurbrúar. Á haustdögum 2016 var það safn lagt niður og hefur safndeild Náttúrustofu Austurlands sem hefur að geyma tæplega 1500 bækur/tímarit verið færð undir Bókasafn Neskaupstaðar. Bókakosturinn er, eins og áður, geymdur í húsakynnum Náttúrustofu Austurlands í Neskaupstað og á Egilsstöðum og því er einungis um rafrænan flutning að ræða innan Landskerfis bókasafna.

Harmonikkufélag Norðfjarðar lék fyrir gesti á Aðventustund í Safnahúsinu í Neskaupstað. Mynd: ÁL

Náttúrustofa Austurlands á vefnum

Ný heimasíða var tekin í notkun í upphafi árs 2016. Þó um væri að ræða tilfærslu og breytingar innan sama kerfis þá var þetta þó nokkur andlitslyfting fyrir vefinn. Aðal markmiðið var að vefurinn væri góð upplýsingaveita, léttur, læsilegur í snjalltækjum og leiðin að efninu væri greið. Fyrirtækið Austurnet hefur umsjón og aðstoðar með uppsetningu og vefhýsingu. Náttúrustofa Austurlands er einnig með fésbókarsíðu og tengir fréttaefni af vefnum beint þangað inn. Það er góð tenging og auðveldar upplýsingaflæði frá Stofunni til almennings.

Fyrirspurnir frá almenningi

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með dýr, steina og plöntur til greiningar. Starfsfólk tekur fúslega við öllum slíkum erindum. Ef ekki tekst að greina náttúrugripi á staðnum er þeim komið áfram til annarra sérfræðinga. Í einstaka tilvikum er um að ræða staðfestingu á nýrri tegund sem er að festa rætur í fjórðungnum. Á liðnu ári bar einna hæst fíflalús. Frá árinu 2014 hafa borist eintök frá Breiðdalsvík, Stöðvarfirði, Egilsstöðum og Neskaupstað og er nú staðfest að fíflalúsin er landnemi í fjórðungnum. Lúsin er ekki hættuleg en mörgum þykir hún hvimleiður gestur.

Fíflalús
(Uroleucon taraxaci)
Mynd: ÁL

Gróðurreitur á Fljótsdalsheiði. Mynd: SGÞ

Af vettvangi SNS

Ekkert ársþing var haldið á vegum SNS en aðalfundur samtakanna var haldinn þann 7.apríl 2016 í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar Íslands í Garðabæ. Forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands er í stjórn samtakanna.

Nýtt merki Samtaka Náttúrustofa - SNS .

Forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands er í stjórn Samtaka Náttúrustofa (SNS). Samtökin beita sér einkum fyrir því að kynna starfsemi og mikilvægi náttúrustofa út á við. Þá vinna samtökin ýmis sameiginleg álit og umsagnir m.a. um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur og nú í fyrsta sinn um skyndilokanir á ferðamannastöðum. Þá var forstöðumönnum náttúrustofa í fyrsta sinn boðið að vera með á ársfundi Umhverfisstofnunar og umhverfisnefnda sveitarfélaga í samræmi við ákvæði í nýjum lögum um náttúruvernd sem tóku gildi í lok árs 2015. Merki samtakanna var endurhannað og mynda skammstafirnir í merkinu töluna 8 sem er táknrænt fyrir þann fjölda náttúrustofa sem starfar í landinu.

Gestir á leið um borð í Gerpi Mynd: SGÞ

Umsagnir

Náttúrustofa Austurlands veitir umsagnir sé þess sérstaklega óskað. Árlega berast stofunni formleg erindi til umsagnar, einkum frá umhverfisnefndum sveitarfélaga, Alþingi og Umhverfisstofnun. Á árinu veitti Náttúrustofan m.a. umsagnir um skipulag frístundasvæðis, veiðar á gæsum og refum í friðlöndum og veiðar á hreindýrum að vetri. Aðrar umsagnir um hin ýmsu lagafrumvörp og þingsályktunartillögur voru sendar inn í nafni Samtaka náttúrustofa. Þá veittu Samtökin Umhverfisstofnun umsagnir um tímabundna lokun tveggja ferðamannastaða **í** samræmi við ákvæði í nýjum lögum um Náttúruvernd. Annars vegar á Skógheiði og hins vegar hraunhellinum Leiðarenda.

Afmælisrit Náttúrustofu Austurlands

Áfram var haldið upp á 20 ára afmælið fyrri hluti árs 2016. Í sumarbyrjun kom út tvöfalt hefti tímaritsins Glettings sem helgað var 20 ára afmæli Náttúrustofu Austurlands. Skarphéðinn G.Þórisson ritstýrði blaðinu og allir núverandi og nokkrir fyrrverandi starfsmenn og velunnarar Stofunnar lögðu til efni í blaðið um austfirska náttúru og sögu Náttúrustofunnar. Blaðinu var dreift víða og er nú aðgengilegt á heimasíðu Stofunnar.

Afmælissigling Náttúrustofu Austurlands

Lokaviðburður 20 ára afmælisins var á 21. afmælisdeginum þann 24. júní 2016 þegar vinum og velunnurum Stofunnar var boðið í kvöldsiglingu um Norðfjarðarflóa með gamla eikarbátnum Gerpi. Afmælissiglingin var vel sótt og komust færri að en vildu. Siglt var undir Nípuna, yfir að Rauðubjörgum og inn í Hellisfjörð þar sem farið var í land og gestum boðið upp á veitingar. Siglingin var afar vel heppnuð, enda veður eins og best verður á kosið, dauðalogn og hlýtt.

Rauðubjörg. Mynd: SGÞ

Fjármál

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2016 námu heildarrekstrartekjur 87 millj. kr. Afkoma af rekstri Náttúrustofunnar var jákvæð um 5,2 millj. kr. og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé. Eignir í árslok 2016 voru 60,4 millj. kr. og bókfært eigið fé var 34,1 millj. kr. Hlutfallsleg skipting gjalda er nokkuð sambærileg við fyrri ár.

Frekari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi.

Það er fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningsskil og skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.



Hlutfallsleg skipting gjalda árið 2016.



Heildartekjur Náttúrustofunnar frá árinu 1999 á verðlagi ársins 2016.

Hreinkýr með kálf á Vesturöræfum. Mynd: SGÞ

Áslaug Lárusdóttir (2016). Í hlutverki unga-mömmu - Glettingur, tímarit um austfirsk málefni. 26. árg. 1.-2. (65-66): 20-21.

Elín Guðmundsdóttir, Kristín Ágústsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir (2016). Vöxtur lúpínu í Fjarðabyggð 1998-2013. - Glettingur, tímarit um austfirsk málefni. 26. árg. 1.-2. (65-66): 31-35.

Elín Guðmundsdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Dr. Helga Dögg Flosa-dóttir, Hermann Þórðarson og Kristín Ágústs-dóttir (2016). Alcoa Fjarðaál Umhverfisvöktun 2015. Skýrsla unnin af Náttúrustofu Austurlands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands fyrir Alcoa Fjarðaál. Náttúrustofa Austurlands, NA-160160.

Erlín E. Jóhannsdóttir (2016). Náttúrugripasafnið í Neskaupstað. Glettingur, tímarit um austfirsk málefni. 26. árg. 1.-2. (65-66): 22

Erlín Emma Jóhannsdóttir (2016). Tegunda-fjölbreytni og útbreiðsla rykmýssamfélaga (Chironomidae) í fjöruvist stöðuvatna á Íslandi. Meistararitgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 84 bls.

Erlín E. Jóhannsdóttir og Cristian Gallo (2016). Botndýrarannsóknir og efnagreiningar á sjó og seti vegna fiskeldis í Berufirði 2015. Náttúrustofa Austurlands, NA-160162.

Erlín E Jóhannsdóttir og Kristín Ágústsdóttir (2016). Áhrif ásprautunar steypu á sýrustig og leiðni frárennslisvatns úr Norðfjarðargöngum. Náttúrustofa Austurlands, NA-160155.

Guðrún Óskarsdóttir, Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir og Páll Benediktsson (2016). Fiðrildavöktun á vegum Náttúrustofu Austurlands. Glettingur, tímarit um austfirsk málefni. 26. árg. 1.-2. (65-66): 53.

Þörungar á botni Hellisfjarðarár. Mynd: GÓ

Ritlisti

Guðrún Óskarsdóttir (2016). Gróðurvöktun í Kringilsárrana, Samanburður á samsetningu og þekju gróðurs árin 2006 og 2015. Náttúrustofa Austurlands, NA-160158.

Halldór Walter Stefánsson (2016). Gæsa-merkingar Náttúrustofu Austurlands. Glettingur tímarit um austfirsk málefni. 26. árg. 1.-2. (65-66): 37-42.

Halldór Walter Stefánsson (2016). Íslenski grágæsastofninn 2012: Fjöldi og dreifing á láglendi að vorlagi. Náttúrustofa Austur-lands, NA-160156.

Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2016). Heiðagæsir í varpi og felli á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar 2015. Náttúru-stofa Austurlands, NA-160157.

Halldór Walter Stefánsson (2016). Vatnafuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og á vötnum í Fljótsdalsheiði 2015. Náttúrustofa Austurlands, NA-160161.

Kristinn Guðmundsson, Kristín Ágústsdóttir, Niall McGinty, Árni Magnússon, Hafsteinn Guðfinnsson, Guðrún Marteinsdóttir(2016). A regional correction model for satellite surface chlorophyll concentrations, based on measurements from sea water samples collected around Iceland. Methods in Oceano-graphy, 17: 83-96.

Kristín Ágústsdóttir (2016). Vöktun lífríkis og umhverfis. Glettingur, tímarit um austfirsk málefni. 26. árg. 1.-2. (65-66): 23-25.

Siglt undir Nípuna. Framundan Akurfell, Daladalur, Flatarfjall og Dalatangi. Mynd: KÁ

Kristín Ágústsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2016). Nýsköpunarsjóður námsmanna og Náttúrustofan. Glettingur, tímarit um austfirsk málefni. 26. árg. 1.-2. (65-66): 73-76.

Niall McGinty, Kristinn Guðmundsson, Kristín Ágústsdóttir, Guðrún Marteinsdóttir (2016). Environmental and climactic effects of chlorophyll-a variability around Iceland using reconstructed satellite data fields. Journal of Marine Systems, 163: 31-42.

Rán Þórarinsdóttir (2016). Vöktun hreindýrastofnsins. Glettingur, tímarit um austfirsk málefni. 26. árg. 1.-2. (65-66): 82-85.

Rán Þórarinsdóttir og Elín Guðmundsdóttir (2016). Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2014. Náttúrustofa Austurlands, NA-160159.

Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2016). Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2015 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2016. Náttúrustofa Austurlands, NA-160163.

Skarphéðinn G. Þórisson (2016). Náttúra Austurlands. Ritstjóragrein. Glettingur, tímarit um austfirsk málefni. 26. árg. 1.-2. (65-66): 5.

Skarphéðinn G. Þórisson (2016). Útrásarhreinar á 20. og 21. öld. Glettingur, tímarit um austfirsk málefni. 26. árg. 1.-2. (65-66): 89-93.

Ævar Petersen, Lars Hedenäs, Kristín Jónsdóttir, Róbert A. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2016). Vatnamýs á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 86 (1-2): 28-41.

Merkingar á votlendisreit á Fljótsdalsheiði. Mynd: SGÞ

Erindi

Kristín Ágústsdóttir 2016. Náttúrustofa Austurlands. Framlag til þekkingarsamfélags á Austurlandi. Kynning á málþingi Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi um Þekkingarsamfélagið á Austurlandi í Egilsbúð, Neskaupstað 31. mars 2016.

Kristín Ágústsdóttir 2016. Niðurstöður eftirlits Umhverfisstofnunar hjá Alcoa Fjarðaráli og umhverfisvöktunar í Reyðarfirði. Kynning á íbúafundi Umhverfisstofnunar í Safnaðarheimilinu á Reyðarfirði 19. maí 2016.

Kristín Ágústsdóttir 2016. Náttúrustofa Austurlands. Vel heppnuð byggðaaðgerð sem tryggir fjölbreytt störf. Kynning á Aðalfundi Útgáfufélagsins Glettings á Gistihúsinu Egilsstöðum, Egilsstöðum 31. maí 2016.

Kristín Ágústsdóttir 2016. Náttúrustofur. Vel heppnuð byggðaaðgerð sem tryggir fjölbreytt störf fyrir ungt fólk á landsbyggðinni. Kynning á Byggðaráðstefnu í Frystiklefanum á Breiðdalsvík 15. september 2016.

Kristín Ágústsdóttir 2016. Náttúrustofur - öflugt tæki í náttúruvernd. Kynning á ársfundi Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa á Laxárbakka í Hvalfjarðarsveit 10. nóvember 2016.

Kristín Ágústsdóttir 2016. Náttúrustofa Austurlands og samstarf við norska vísindamenn Kynning hjá Rótarýklúbbnum í Neskaupstað á Hótel Hildibrand í Neskaupstað 12. október 2016

Rán Þórarinsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2016. Burðarsvæði Snæfellshjarðar. Kynning fyrir Landsvirkjunar í Fljótsdalsstöð 23. febrúar 2016.

Rán Þórarinsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2016. Burðarsvæði Snæfellshjarðar. Kynning á kynningarfundi Landsvirkjunar um áhrif orkuvinnslu á hreindýrastofninn í Valaskjálf Egilsstöðum 4. mars 2016.

Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson 2016. Reindeer in Iceland. An introduced specie in a sensitive ecosystem. Kynning á námskeiði hjá LUNGA á Seyðisfirði í maí 2016.

Skarphéðinn G. Þórisson, 2016. Hreindýrin, vöktun og virkjanir. Kynning fyrir Landsvirkjun í Fljótsdalsstöð 23. febrúar 2016.

Skarphéðinn G. Þórisson, 2016. Hreindýrin, vöktun og virkjanir 2000-2015. Kynning á kynningarfundi Landsvirkjunar um áhrif orkuvinnslu á hreindýrastofninn í Valaskjálf Egilsstöðum 4. mars 2016.

Hreindýr í Þóriseyjum undir Fellum í byrjun júlí. Mynd: SGÞ

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

AÐALSKRIFSTOFA
Mýrargata 10
740 Neskaupstaður
Sími: 477 1774
Fax: 477 1923
Heimasíða: www.na.is

ÚTIBÚ
Tjarnarbraut 39
700 Egilsstaðir
Sími: 471 2813
Sími: 471 2774
Netfang: na@na.is